




SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

BACH & MOZART



AÐVENTUTÓNLEIKAR
7. DESEMBER 2017

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Aðventutónleikarnir eru hljóðritaðir og verða sendir út fimmtudaginn 28. desember kl. 19:00 á Rás 1.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Pýðing söngtexta er á bls. 11.

Áætluð tímalengd verka:

Hljómsveitarsvíta: 20'

Exsultate, jubilate: 14'

Così fan tutte, forleikur: 4'

Porgi, amor: 4'

Martern aller Arten: 10'

Sinfónía: 19'

Hlé er u.þ.b. 20 mínútur.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands eru á YouTube og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins og lagalistann *Aðventa og jól hjá Sinfóníunni*.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



AÐVENTUTÓNLEIKAR Í ELDBORG

BACH OG MOZART

Jonathan Cohen
hljómsveitarstjóri

Sally Matthews
einsöngvari

EFNISSKRÁ

Johann Sebastian Bach

Hljómsveitarsvíta nr. 3 í D-dúr, BWV 1068 (um 1725)

Ouverture

Air

Gavotte I og II

Bourrée

Gigue

Wolfgang Amadeus Mozart

Exsultate, jubilate, K. 165 (1773)

Exsultate, jubilate

Fulget amica dies

Tu virginum corona

Alleluia

Hlé

Wolfgang Amadeus Mozart

Così fan tutte, forleikur (1790)

Wolfgang Amadeus Mozart

Porgi amor, aría úr Brúðkaupi Figarós (1786)

Wolfgang Amadeus Mozart

Martern aller Arten, aría úr Brottnáminu úr kvennabúrinu
(1782)

Wolfgang Amadeus Mozart

Sinfónía nr. 31 í D-dúr, K. 297 – Parísarsinfónían (1778)

Allegro assai

Andantino

Allegro

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



JONATHAN COHEN

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Jonathan Cohen er í fremstu röð breskra tónlistarmanna af sinni kynslóð og hefur getið sér orð fyrir allt þrennt: hljómveitarstjórn, sellóleik og hljómborðsleik. Hann er þekktur fyrir þá rækt sem hann leggur við kammersmúsík og er jafn vel heima í flutningi barokkópera og klassískra sinfónískra verka. Hann stýrir sinni eigin kammersveit, Arcangelo, sem hann stofnaði árið 2010, og hefur með henni komið fram í virtum tónleikasölum eins og Wigmore Hall í Lundúnum, Fílharmoníunum í Berlín og Köln, Musikverein í Vínarborg, Carnegie Hall í New York og á Salzburgerhátiðinni. Í fyrra þreytti sveitin frumraun sína á BBC Proms tónlistarhátiðinni. Auk þess að stýra Arcangelo er Cohen aðstoðarstjórnandi barokksveitarinnar Les Arts Florissants, listrænn stjórnandi Tetbury tónlistarhátiðarinnar á Englandi og listrænn ráðgjafi Saint Paul-kammersveitarinnar í Minnesota. Haustið 2018 mun hann taka við stjórn kanadíska barokkhópsins Les Violons du Roy.

Cohen hefur stjórnað óperuflutningi við góðan orðstír, m.a. *Brúðkaupi Fígarós* við Glyndebourne óperuna. Hann snýr aftur til Glyndebourne næsta sumar og stjórnar þá óperunni *Júlíusi Sesar* eftir Händel. Hann hefur stjórnað sinfóníuhljómsveitum beggja vegna Atlantsála, svo sem Búdapest hátiðarhljómsveitinni, Sinfóníuhljómsveit Hamborgar, Sænsku útvarpshljómsveitinni og Sinfóníuhljómsveitinni í Seattle.

Jonathan Cohen og Arcangelo-sveitin hafa gert margar hljóðritanir, m.a. með úrvalssöngvurum eins og Önnu Prohaska, Christopher Purves og Iestyn Davies. Bach-kantötur í flutningi Davies og Arcangelo hlutu Gramophone-verðlaunin í ár í flokki barokktónlistar og diskur með sellókonsertum Carls Philipps Emanuels Bach, sem sveitin hljóðritaði ásamt Nicolas Altstaedt, vann til verðlauna BBC Music Magazine. Fyrir tveimur árum hreppti Mozart-diskur með fiðluleikaranum Vilde Frang, Cohen og Arcangelo hin þýsku Echo Klassik-verðlaun.



SALLY MATTHEWS

EINSÖNGVARI

Sally Matthews er ein af eftirsóttustu sópransöngkonum heims. Hún stundaði nám við Guildhall School of Music and Drama í Lundúnum og þreytti frumraun sína við Konunglegu óperuna í Covent Garden árið 2001 í hlutverki Nannettu í *Falstaff* eftir Verdi. Síðan hefur hún sungið mörg hlutverk í Covent Garden, meðal annars í Mozart-óperunum *Mitridate* (Sifare) og *Così fan tutte* (Fiordiligi). Hún hefur einnig sést reglulega á sviði La Monnaie óperunnar í Brussel, Hollensku þjóðaróperunnar, Theater an der Wien og Glyndebourne óperunnar þar sem hún hefur til dæmis sungið hlutverk greifynjunnar í *Brúðkaupi Fígarós* og Konstönzu í *Brottnáminu úr kvennabúrinu*.

Í fyrrasumar kom Matthews í fyrsta sinn fram á Salzburgar-hátíðinni þegar hún skóp hlutverk Silviu í óperu Thomas Adès *The Exterminating Angel* sem frumflutt var á hátíðinni. Í kjölfarið hefur hún sungið hlutverkið í Metropolitan óperunni í New York og í Covent Garden.

Sally Matthews hefur sungið með ýmsum fremstu símfóníu-hljómsveitum álfunnar, svo sem Philharmonia hljómsveitinni, Símfóníuhljómsveit Lundúna, Filharmóníusveitum Berlínar og Rotterdam og Útvarpshljómsveitinni í Bæjaralandi. Á verkefnalista hennar má t.a.m. finna símfóníur Mahlers (nr. 2, 4 og 8), *Vier letzte Lieder* eftir Richard Strauss, *Þýska sálumessu* Johannesar Brahms og *Sköpunina* og *Árstíðirnar* eftir Haydn, og af hljómsveitarstjórum sem hún hefur unnið með má nefna Antonio Pappano, Bernard Haitink, Simon Rattle, Daniel Harding, Robin Ticciati og François-Xavier Roth. Á liðnu sumri söng hún með Símfóníuhljómsveit Breska ríkisútvarpsins í *Hibiki* eftir Mark-Anthony Turnage á Proms tónlistarhátíðinni, undir stjórn Kazushi Ono, og var það frumflutningur verksins í Evrópu.

Matthews heldur einnig tónleika með píanóleikaranum Simon Lepper og hafa þau meðal annars komið fram í Wigmore Hall í Lundúnum og í Concertgebouw í Amsterdam.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sally Matthews kom í fyrsta sinn fram með Símfóníu-hljómsveit Íslands á tónleikum í janúar 2013 þar sem hún söng fjórar ariur eftir Mozart og heillaði áheyrendur upp úr skónum.



JOHANN SEBASTIAN BACH

HLJÓMSVEITARSVÍTA NR. 3 Í D-DÚR, BWV 1068

Svítur barokktímans eru af frönskum rótum runnar — eða réttara sagt frá dálæti frönsku hirðarinnar á dansi. Leiksyningar og óperur þóttu þar varla boðleg skemmtun nema á undan þeim færi eins konar forleikur: dans með viðeigandi tónlist. Sólkonungurinn Loðvík 14. fór þarna fremstur í flokki. Hann dansaði sjálfur og hirðtónskáld hans, Jean-Baptiste Lully, gerði sér far um að skrifa ballett-tónlist inn í óperur sínar svo konungur yrði ekki svikinn um dansskemmtun. Þessa ballettþætti mátti svo draga saman í svítur sem leiknar voru án þess að dans fylgdi. Þannig varð til ný tegund hljóðfæratónlistar sem varð afar vinsæl á síðari hluta sautjándu aldar og fram eftir þeirri átjándu.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í tólfta sinn sem Svíta nr. 3 í D-dúr er á dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hljómsveitin lék hana í fyrsta sinn á tónleikum fyrir 63 árum, þann 9. desember 1954, og hélt Róbert A. Ottósson þá um tónsprotann. Síðast hljómaði hún á aðventutónleikum í Eldborg árið 2014 undir stjórn belgíska hljómsveitarstjórans Dirks Vermeulen.

Johann Sebastian Bach samdi margar svítur fyrir einleiks-hljóðfæri (frægar eru til dæmis sellósvíturnar og franskar og enskar svítur fyrir hljómborð) en hljómsveitar svítur hans eru einungis fjórar. Þær fylgja franskrri forskrift með því að þær hefjast á Overture (forleik), og raunar lét Bach það heiti ná yfir hverja hljómsveitar svítu í heild sinni. Þessi fyrsti þáttur er gjarnan lengstur og hátíðlegastur — í 3. svítunni eru það ekki síst trompetarnir sem ljá tónlistinni glæsileika. Í kjölfarið fylgja svo dansþættir, þar sem ólíkar takttegundir koma við sögu og hægir þættir og hraðir skiptast á. Dansarnir eru yfirleitt tvískiptir og hvor helmingur fyrir sig endurtekinn. Í svítu nr. 3 kemur hægi þátturinn strax í kjölfar forleiksins. Það er hið undurfagra Air, sem öðlaðist sjálfstæðar vinsældir á 19. öld þegar þýski fiðluleikarinn August Wilhelmj umritaði það fyrir einleiksfiðlu með undirleik og mælti svo fyrir um að laglínan skyldi leikin á neðsta streng fiðlunnar, G-strenginn. Næstar í svítunni koma tvær líflegar Gavottur í tvískiptum takti og síðan Bourrée sem upprunalega er sveitadans frá Auvergne-héraði. Svítunni lýkur á Gigue, glaðlegum dansi í 6/8-takti sem á uppruna sinn í skoskum og írskum þjóðdönsum.

Ekki er vitað með vissu hvenær hljómsveitar svíturnar urðu til. Lengi vel var talið að Bach hefði samið þær á Köthen-árunum 1717–23 þegar hann var í þjónustu Leopolds fursta, en nú þykir allt eins líklegt að þær hafi orðið til eftir að hann fluttist þaðan til Leipzig. Að minnsta kosti eru elstu varðveittu handrit verkanna frá þeim tíma.



WOLFGANG AMADEUS MOZART

EXSULTATE, JUBILATE, K. 165

E*xsultate, jubilate* var frumflutt í Sant'Antonio-kirkjunni í Mílanó þann 17. janúar 1773, tíu dögum fyrir sautjándafmælisdag tónskáldsins. Mozart og faðir hans höfðu dvalist í borginni frá því síðla um haustið því Wolfgang hafði verið falið að semja nýja óperu fyrir óperuhúsið Teatro Regio Ducale. Óperan, sem var frumsýnd á annan dag jóla 1772, fékk heitið *Lucio Silla* og var byggð á atburðum úr sögu Rómaveldis líkt og fyrri ópera Mozarts fyrir Mílanóhúsið, *Mitridate, rè di Ponto*. Eitt aðalhlutverkið var í höndum geldingsins Venanzio Rauzzini, afburðasöngvara. Wolfgang hafði heyrt hann syngja fáeinum árum fyrir í Vínarborg, hrifist mjög og var eftir því spenntur að fá að skrifa hlutverk fyrir hann. Rauzzini hafði breitt raddsvið og einstaka hæfni til þess að syngja flúraðar línur (kóloratúr). Fedgarnir urðu ekki fyrir vonbrigðum með sönginn: Leopold Mozart skrifaði konu sinni heim frá Mílanó og sagði að Rauzzini syngi eins og engill og eftir að óperan var komin á fjalirnar samdi Wolfgang nýtt stykki fyrir hann, mótettuna *Exsultate, jubilate* sem sannarlega gaf þessum óviðjafnanlega söngvara færi á að leika listir sínar.

Heitið mótetta er venjulega haft um fjölradda kórtónverk en það getur einnig átt við verk eins og hér heyrst. Á Ítalíu voru slík verk flutt inni í messu og líklega hefur það átt við um frumflutning mótettu Mozarts. Hún er samin fyrir strengi, tvö óbó, tvö horn og orgel, auk söngvarans, og skiptist í fjóra kafla, eiginlega þrjár arfur með sönglesi milli hinna fyrstu tveggja. Í fyrsta og síðasta kafla er öllu tjaldað til, öll hljóðfærin hljóma með söngvaranum í fagnaðarsöng. Annar kaflinn er söngles með orgel-fylgirödd en í þeim þriðja syngur sópraninn bæn til heilagrar Guðsmóður við strengjaundirleik. Mozart skóp handa Rauzzini verk sem á margt skylt við óperur tónskáldsins. Það geymir í senn undurfagar laglínur, krefjandi flúrsöng og kadensur þar sem söngvarinn fær tækifæri til þess að syngja frá eigin brjósti, og þarf engan að undra að þetta æskuverk sé í hópi dádustu tónsmíða Mozarts.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Að öllum líkindum hefur *Exsultate, jubilate* hljómað fyrst á sviði hérlendis í meðförum austurrísku söngkonunnar Else Mühl, og þó aðeins lokapátturinn. Mühl söng í óperunni *Rigoletto* í Þjóðleikhúsinu árið 1951. Sumarið eftir kom hún aftur og fór í tónleikaferð um landið sem lauk með tónleikum í Þjóðleikhúsinu 7. júlí þar sem Alleluia-pátturinn var á dagskrá. Meðleikari Mühl var Viktor Urbancic. Pátturinn hljómaði í fyrsta sinn á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands 12. janúar 1954 undir stjórn Róberts A. Ottóssonar og fór þá Þuríður Pálsdóttir með einsöngshlutverkið. Þuríður flutti síðan alla mótettuna ásamt félögum úr Sí á jólatónleikum Ríkisútvarpsins í Dómkirkjunni 29. desember 1957.



WOLFGANG AMADEUS MOZART

COSÌ FAN TUTTE, FORLEIKUR

Í gamanóperunni *Così fan tutte* leiddu þeir saman hesta sína í þriðja sinn Wolfgang Amadeus Mozart og skáldið Lorenzo Da Ponte en samvinna þeirra hafði áður getið af sér óperurnar *Don Giovanni* og *Brúðkaup Fígarós*. Nafnið á nýju óperunni var reyndar fengið úr *Brúðkaup Fígarós* því í fyrsta þætti þeirrar óperu eru tónlistarkennaranum Basilio lögð í munn orðin „Così fan tutte le belle“ (Svona eru þær allar, konurnar fögru). *Così fan tutte* fjallar um tvö kærustupör, systurnar Dorabellu og Fiordiligi og unnusta þeirra. Á vegi strákanna, Guglielmo og Ferrando, verður kunningi þeirra, Don Alfonso, sem er þeim eldri og reyndari. Hann fær þá til að veðja við sig um hvort unnusturnar muni reynast þeim trúar og leggur á ráðin um hvernig það megi prófast. Með því upphafst fjörug atburðarás eins og hinn hraði forleikur gefur fyrirheit um. Í honum leikur Mozart sér að því að vísa í fyrrnefnda línu Basilios í *Brúðkaupi Fígarós* með því að láta blásturshljóðfærin henda henni á milli sín. En þetta er ekki eini leikurinn að titlinum *Così fan tutte* hér, því í upphafstökum forleiksins, sem eru í hægara tempói, heyrum við laglínubrot sem heyrir svo aftur í öðrum þættinum þegar karlarnir þrír syngja það einmitt við orðin „così fan tutte“.

POEGI, AMOR, ARÍA ÚR BRÚÐKAUPI FÍGARÓS

Ótryggð í ástum er líka til umfjöllunar í *Brúðkaupi Fígarós* og það er greifynjan, eiginkona Almaviva greifa, sem mest þarf að líða í þeim efnum. Hún kemur fyrst fram á sviðið í upphafi annars þáttar og syngur þá aríuna *Porgi, amor* sem birtir allan þann sársauka sem sviksemi eiginmannsins veldur henni. Kvenhlutverkin í þessari óperu eru rómuð fyrir það hversu margslungin þau eru og þar áttu bæði Mozart og librettósmiðurinn Da Ponte hlut að máli. Segja má að greifynjan og þerna hennar, Súsanna, beri óperuna uppi; samúð höfundanna liggur óneitanlega hjá þeim og tónlist Mozarts gefur söngkonunum tækifæri til að sýna margar hliðar á persónunum og tjá ólíkar og á stundum mótsagnakenndar tilfinningar.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Óperan *Così fan tutte* var flutt í fyrsta sinn á Íslandi í nóvember 1957 þegar óperuflokkur Ríkisleikhússins í Wiesbaden sótti Ísland heim og sýndi verkið fjórum sinnum í Þjóðleikhúsinu undir stjórn Arthurs Apelt. Sinfóníuhljómsveit Íslands lék með og Þjóðleikhúskórinn söng. Þann 5. nóvember birtist svofelld tilkynning í dagblöðunum: „Aðgöngumiðasala að óperunni „Così fan tutte“ hefst í dag kl.

13.15. Að gefnu tilefni verða skammtaðir fjórir miðar handa hverjum manni.“

Brúðkaup Fígarós var sýnt í Þjóðleikhúsinu árið 1950 og komu söngvararnir þá úr Konunglegu óperunni í Stokkhólmi. Óperan var sett upp að nýju í Þjóðleikhúsinu árið 1969, að þessu sinni með íslenskum söngvurum, og Íslenska óperan hefur tvisvar sinnum tekið hana til sýninga, 1989 og 2004.

Porgi, amor hefst á forspili hljómsveitarinnar sem blásturshljóðfærin — klarinett, fagott og horn — ljá hlýlegan en jafnframt eilítið tregafullan blæ. Söngkonan fær síðan að móta dásamlegar bundnar laglínur sem hneigjast niður á við í andvarpinu *sospir* en teygjast upp á við í einhvers konar fágaðri örvæntingu á orðunum *O mi lascia almen morir* (Ó, láttu mig deyja). Þegar ariunni er lokið hefur greifynjan unnið áheyrndur kirfilega á sitt band.

MARTERN ALLER ARTEN, ARÍA ÚR BROTTNÁMINU ÚR KVENNABÚRINU

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Það var ekki fyrir en árið 2006, þegar 250 ár voru liðin frá fæðingu Mozart, að óperan Brottnámið úr kvennabúrinu var sett upp á Íslandi, hjá Íslensku óperunni í Gamla bíói. Leikstjóri var Jamie Hayes, hljómsveitarstjóri Kurt Kopecky og með aðalhlutverkin fóru Finnur Bjarnason, Angela Gilbert og Bjarni Thor Kristinsson.

Í *Brottnáminu úr kvennabúrinu* eru einnig heldri dama (Konstanza) og þerna hennar (Blonde) í miðju atburðanna. Þær hafa lent í klóm sjóræningja sem hafa selt þær í kvennabúr Tyrkjans Selims. Hann leggur hug á Konstönzu og reynir að vinna ástir hennar en hún er heitbundin aðalsmanninum Belmonte sem um síðir tekst að frelsa þær Blonde úr þrúslundinni með fulltingi þjóns síns, Pedrillo. Konstanza vill vitaskuld ekkert með Selim hafa og í ariunni *Martern aller Arten* bregst hún við hótunum hans með því að segjast heldur vilja þola píslir af öllu tagi en svíkja ástina sína. Arían er firnaglæsileg smíð sem gerir miklar kröfur til söngvarans. Mozart samdi ariur sínar yfirléitt með væntanlega flytjendur í huga og sú sem söng Konstönzu í frumuppfærslunni í Vínarborg 1782 var ekkert blávatn. Hún hét Caterina Cavalieri, hafði verið nemandi Antonios Salieri og var nú ástkona hans. Þau Mozart náðu vel saman og urðu vinir ævilangt. Hlutverk Konstönzu mótaðist mjög af hæfileikum Cavalieri sem hafði frábæra söngtækni og mikið úthald. Á því er sannarlega þörf hér, því arían er um 10 mínútna löng, flengist um vítt tónsvið og kallar bæði á fagra hendingamótun og virtúósískan flúrsöng. Söngvaranum til fulltingis eru, auk hljómsveitarinnar, fjögur sólóhljóðfæri — flauta, óbó, fiðla og selló — sem leika með og á móti sópranröddinni.



WOLFGANG AMADEUS MOZART

SINFÓNÍA NR. 31 Í D-DÚR, K. 297

Í lok sumars 1777 stóðu Mozart-feðgarnir uppi atvinnulausir. Wolfgang hafði beðið Colloredo erkibiskup í Salzburg um lausn frá störfum við hirð hans og biskup brást við með því að segja upp bæði föður og syni. Í kjölfarið gerði Leopold son sinn út af örkinni að leita fyrir sér um nýja stöðu. Með Wolfgang í för var móðir hans; þau fóru fyrst til München, síðan til Ággsborgar og þaðan til Mannheim þar sem tónlistarlíf stóð með miklum blóma við hirð kjörfurstans. Þar komst Wolfgang í kynni við ýmsa úrvals tónlistarmenn — og við Weber-fjölskylduna sem hann átti síðar eftir að kvænast inn í. En þótt gaman væri í Mannheim gekk hvorki né rak í atvinnumálunum og Leopold skipaði mæðginunum að halda næst til Parísar. Þangað komu þau seint í mars 1778. Við tóku erfiðir tímar. Mozart undi sér ekki í París, hafði lítið álit á franskri tónlist og fannst sínir eigin hæfileikar vanmetnir. Reidarslagið kom svo þegar móðir hans veiktist alvarlega og lést í júlíbyrjun. Þrátt fyrir mótlætið samdi Mozart allnokkur verk meðan á Parísardvölinni stóð og er sífónían sem jafnan er kennd við borgina merkust þeirra.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Parísarsinfónían hljómaði fyrst í meðföllum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á tvennum skólatónleikum á aðventunni 1964 undir stjórn írsku hljómsveitarstjórans Proinnsías Ó Duinn. Síðan hefur verið verið fimm sinnum á dagskrá hljómsveitarinnar, síðast á aðventutónleikum í Eldborg árið 2013 þegar Matthew Halls hélt um tónsprotann.

Parísarsinfónían var frumflutt opinberlega þann 18. júní í Concert Spirituel-tónleikaröðinni, sem fram fór í Tuileries-höllinni, og endurflutt nokkrum sinnum á þeim mánuðum sem í hönd fóru. Þættirnir eru aðeins þrír, það er enginn menúett-kafla hér eins og í þeim sífóníum sem Mozart samdi næst á undan. Eftir frumflutninginn samdi Mozart nýjan hægan þátt, líklega að beiðni tónleikahaldarans, en það er sá upprunalegi sem við heyrum hér í kvöld. Líkt og Mozart hafði hæfni söngvara sinna í huga þegar hann samdi óperur, þá lagaði hann Parísarsinfóníuna að hljómsveitinni á staðnum og frönskum smekk. Á þessum tíma gengust Frakkar upp í því að hljómsveitarverk hæfust á kröftugan hátt, gjarnan með samtaka strófu allra hljóðfæra. Mozart sá hljómsveit Concert Spirituel fyrir slíkri byrjun enda þótt hann spaugaði með það í bréfi til föður síns að hann gæti nú ekki séð af hverju Frakkarnir væru svona montnir — „þeir byrja bara saman, svona eins og gert er annars staðar“! Honum fannst meira til tónlistarmannanna í Mannheim koma. En Parísarhljómsveitin var stór og þess sér stað í hljóðfæraskipan sífóníunnar. Mozart semur hér fyrir flautur, óbó, klarinett, fagott, horn og trompeta – tvennt af hverju – fyrir utan strengina og pákur, og nýtir sér afar vel þau blæbrigði sem svo stór og fjölbreytileg hljómsveit gefur kost á.

Svanhildur Óskarsdóttir

Exsultate, jubilate

1. *Aria*

Exsultate, jubilate,
o vos animae beatae,
exsultate, jubilate,
dulcia cantica canendo;
cantui vestro respondendo
psallant aethera cum me.

2. *Recitativo*

Fulget amica dies,
iam fugere et nubila et procellae;
exortus est iustis inexpectata quies.
Undique obscura regnebat nox,
surgite tandem laeti qui timuistis adhuc,
et jucundi aurorae fortunatae
frondes dextera plena et lilia date.

3. *Aria*

Tu virginum corona,
tu nobis pacem dona,
tu consolare affectus,
unde suspirat cor.

4. *Aria*

Alleluia.

Höfundur óþekktur

Porgi, amor

La Contessa:

Porgi, amor, qualche ristoro
Al mio duolo, a'miei sospiri:
O mi rendi il mio tesoro,
O mi lascia almen morir.

Lorenzo da Ponte

Martern aller Arten

Konstanze:

Martern aller Arten
Mögen meiner warten,
Ich verlache Qual und Pein.
Nichts soll mich erschüttern.
Nur dann würd' ich zittern,
Wenn ich untreu könnte sein.

Lass dich bewegen,
Verschone mich!
Des Himmels Segen
Belohne dich!
Doch du bist entschlossen.
Willig, unverdrossen
Wähl' ich jede Pein und Not.
Ordne nur, gebiete,
Lärme, tobe, wüte,
Zuletzt befreit mich doch der Tod.

Christoph Friedrich Bretzner

Fagnid, gleðjist

1. *Aria*

Fagnid, gleðjist,
ó þér blessuðu sálir,
fagnid, gleðjist,
syngjandi ljúfan söng;
sem svar við söngvum yðar
kyrja háloftin sálma með mér.

2. *Söngles*

Elskulegur dagur ljómar,
flúin eru nú ský og stormar;
hinum réttlátu er upp runninn óvæntur friður.
Hvarvetna ríkti niðimm nótt,
rísid loks upp í gleði þér sem áður óttuðust,
og fagnandi þessum heillaríka áróðra
gefið blómsveiga og liljur úr fylltri hendi.

3. *Aria*

Þú kóróna meyjanna,
gef þú oss frið,
hugga þú ástríðu vora
sem hjartað stynur undan.

4. *Aria*

Hallelúja.

Veittu mér, ást

Greifsynjan:

Veittu mér, ást, einhverja hugsvöln
gegn sársauka mínum og andvörpum:
Ó gefðu mér aftur þann sem ég elska,
eða láttu mig deyja.

Pyntingar af öllu tagi

Konstanza:

Pyntingar af öllu tagi
kunna að bíða mín,
ég hendi gaman að kvöl og pínu.
Ekkert skal koma mér úr jafnvægi.
Aldrei mundi ég fara að skjálfa
nema ég skyldi verða ótrú.

Lát huga þinn hrærast
og hlífðu mér!
Blessun himinsins
yrði laun þín!
En þú ert harðákveðinn.
Af fúsum vilja og ótrauð
vel ég hverja kvöl og neyð.
Skipaðu fyrir, beittu valdboði,
ólmastu, böðlastu, hamastu,
að lokum frelsar mig þó dauðinn.

Íslenzkar þýðingar gerði Reynir Axelsson

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

7. DESEMBER 2017

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Una Sveinbjarnardóttir
Pálína Árnadóttir
Laura Liu
Hildigunnur Halldórsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Pascal La Rosa
Andrzej Kleina
Olga Björk Ólafsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Greta Guðnadóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Greta Salóme Stefánsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Christian Diethard

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Móeiður Anna Sigurðardóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Martin Danek
Daniel Bogorad
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Grímur Helgason
Ármann Helgason

FAGOTT

Brjánn Ingason
Leendert Booyens

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Frank Hammarin

TROMPET

Einar Jónsson
Guðmundur Hafsteinsson
Baldvin Oddsson

PÁKUR

Frank Aarnink

SEMBALL

Guðrún Óskarsdóttir

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

GJÖF SEM HLJÓMAR VEL



**GEFÐU LIFANDI
TÓNLIST Í JÓLAGJÖF**
Nýtt gjafakort Sinfóníuhljómsveitar
Íslands fæst í miðasölu Hörpu.
SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50

JÓLADISKUR MEÐ SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Á diskinum *Jólalög* með Sinfóníuhljómsveit Íslands er að finna sígild jólalög og klassískar jólaperlur, lög sem notið hafa mikilla vinsælda og eiga fastan sess á jólatónleikum hljómsveita víða um veröld. Diskurinn geymir tónlist sem ætti að koma öllum í sannkallað hátíðarskap. Ásamt hljómsveitinni koma fram söngkonurnar Hulda Björk Garðarsdóttir og Þóra Einarsdóttir, Stúlknakór Reykjavíkur og Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjaneshæjar. Diskurinn naut strax mikilla vinsælda og seldist upp og var endurútfelldur á síðasta ári.

SÍGILD JÓLALÖG

Tónleikagestum gefst kostur á að kaupa diskinn *Jólalög* með Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrir framan Eldborg á 2. hæð. Diskurinn verður til sölu á undan tónleikunum og einnig í hléi.

Diskurinn var tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem plata ársins 2015.





Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Mæðginin Ágústa María Jónsdóttir og Stefán Jón Bernharðsson eru hluti af mikilvægri heild.



Stefán Jón: Ég var auðvitað *alveg grænn* fyrst þegar ég byrjaði í sveitinni fyrir fimmtán árum síðan.

Ágústa: Já, en þetta vandist fljótt og ætli þetta hafi ekki snúist við í dag, þú alir mig upp. Það er allavega **stuðningur** í því að vinna með fjölskyldumeðlimum.

Sagt er að ákveðnar manngerðir leiki á viss hljóðfæri, eða skyldu hljóðfærin á einhvern hátt hafa mótandi áhrif á manneskjurnar?

Að sitja inni í miðri hljómsveit þegar allt er komið á fulla ferð er merkileg upplifun sem Ágústa María Jónsdóttir þekkir vel. Hún kom til starfa í

Sinfóníuhljómsveit Íslands undir lok áttunda áratugarins. Tónlistarnámið stundaði hún hér heima og í sjálfri háborg tónlistarinnar, Vín í Austurríki, þar sem menn á borð við Mozart og Beethoven sömdu verk sín forðum daga. Þó að fiðlan sé í öndvegi í símfónískum tónverkum eru hornin

engu að síður meðal glæsilegustu hljóðfæra símfóníuhljómsveitar og einn tónlistarmannanna sem blæs í þau er Stefán Jón, sonur Ágústu.

Það er gott að vita að í hljómsveitinni komi kynslóðirnar saman með eitt markmið – að þjóna tónlistargyðjunni.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

4., 5. OG 6. JANÚAR 2018

VÍNAR TÓNLEIKAR

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

